


# Skáld í skólum | 2019

## – um landið allt

Bókmenntadagskrár fyrir börn og unglings



Skáld í skólum 2019

### Hávísindalegar og trylltar tilraunir

**Linda** elskar að teikna... stundum fram á nótt. Hún teiknar allt sem hún sér. **Villi** elskar að gera vísindatilraunir, helst alla daga. Að teikna og skrifa er líka tilraun. Alveg eins og vísindamenn hræra saman eftum til að sjá hvort eitthvað springi í loft upp hræra teiknarar og rithöfundar saman orðum, myndum og hugmyndum til að sjá hvort eitthvað lifni við eða springi kannski bara í loft upp á blaðsíðunni.

**Linda Ólafsdóttir** er teiknari og barnabókahöfundur og hefur myndskreytt fjölda bóka, m.a. *Íslandsbók barnanna*, *Móa hrekkjusvín*, *Dúkku* og sitt eigin höfundaverk, *LEIKA?*. Fyrir verk sín hefur Linda hlotið fjölda viðurkennainga og verðlauna og má þar nefna tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, Fjöruverðlaunin og Barnabóka-verðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur. Fyrir Íslandsbók barnanna fékk Linda heiðurssæti á lista IBBY 2018.

**Vilhelm Anton Jónsson** er söngvari og tónlistarmaður, kvíkmyndaleikari og þáttastjórnandi í útvarpi og sjónvarpi og þar að auki barnabókahöfundur. Árið 2013 sendi hann frá sér fyrstu Visindabók Villa og nú sex árum síðar eru hinar vinsælu visindabækur orðnar fimm talsins, þ.a.m. *Visindabók Villa: truflaðar tilraunir* og *Visindabók Villa: geimurinn og geimferðir* sem hann skrifaði með Sævari Helga Bragasyni.

Dagskrá hentar best **1. – 4. bekk.**

Skáld í skólum 2019

### Bækur breyta heiminum!

Við fyrstu sýn er bók bara bók, blaðsíður með svörtum línum sem mynda stafi. En um leið og maður opnar bók og byrjar að lesa stekkur maður inn í annan heim, nýja veröld með fólk, verum og fyrirbærum sem maður hefur kannski aldrei kynnst áður. Rithöfundarnir **Eva Rún Pórgeirs dóttir** og **Sævar Helgi Bragason** fjalla á fjörugan hátt um töframátt bóka og hvernig þær geta breytt heimi okkar.

**Eva Rún Pórgeirs dóttir** skrifar skáldsögur fyrir börn og hefur m.a. sent frá sér þríleikinn um *Lukku og hugmynda-vélina*. Meðfram ritstörfum kennir Eva Rún börnum ritlist og starfar við dagskrágerð hjá KrakkaRÚV. Hún skrifar og framleiðir m.a. þættina *Úti í umferðinni* og kemur einnig að gerð Stundarinnar okkar og Sögum. Eva Rún stýrir auk þess Verksmiðjunni, sem er nýsköpunarkeppni fyrir unglings, og kennir börnum ritlist.

**Sævar Helgi Bragason** er margverðlaunaður fræðimaður og skrifar bækur fyrir börn og fullorðna. Hann hefur m.a. sent frá sér bækurnar *Svarthol* og *Stjörnuskoðun fyrir alla fjölskylduna*. Sævar Helgi vinnur við dagskrágerð á KrakkaRÚV þar sem hann les Krakkafréttir og er einn umsjónarmanna útvarps KrakkaRÚV. Hann var umsjónarmaður þáttanna *Hvað höfum við gert?* sem sýndir voru á RÚV og vöktu gríðarlega athygli hijá bæði börnum og fullorðnum.

Dagskrá hentar best **5. – 7. bekk.**



Skáld í skólum 2019

## Að vera maður sjálfur

Hvernig þekkjur við Önnu Frank? Hvers vegna skrifaði Petter Moen dagbók á klósettpappír? Af hverju skrifar fólk eiginlega dagbækur eða bækur yfir höfuð? Skrif hjálpa fólk að hugsa og eru merkileg skrásetning á bæði upplifun fólks og tíðaranda. Maður má líka skrifa um allt sem manni dettur í hug. **Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir** og **Jónas Reynir Gunnarsson** fjalla um gagnsemi þess að skrifa og hvernig það að tjá sig, og það að skálda sögur, er mikilvægur hluti af því að vera manneskja og frábær staður til að vera maður sjálfur. Það er líka bráðholtt, bæði fyrir þann sem skrifar og samfélagið.

**Jónas Reynir Gunnarsson** er ljóðskáld og rithöfundur. Hann útskrifaðist úr ritlist við Háskóla Íslands og hefur sent frá sér skáldsögurnar *Millilendingu* og *Krossfiska* og ljóðabækurnar *Leiðarvísi um þorp* og *Stór oliuskip*, en fyrir þá síðarnefndu hlaut hann Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2017. Hann hefur einnig fengist við myndasögugerð og leikritun. Árið 2015 vann hann leikritunarképpni Sviðslistadeildar Listaháskóla Íslands fyrir verkið *Við deyjum á mars*.

**Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir** er teiknari og myndasöguhöfundur. Hún er útskrifuð úr meistaránámi í ritlist frá Háskóla Íslands, er með BA í myndlist frá Listaháskóla Íslands auk þess sem hún lagði stund á teikninám í Parson's New School for Design í New York. Lóa hefur myndskreytt fjölda kennslu- og barnabóka, teiknað myndasögur fyrir blöð og bækur og sent frá sér leikverk og bækur, m.a. *Lóaboratorium* og *Lóaboratorium: Nýjar rannsóknir*. Lóa Hlín er líka tónlistarkona og spilar tónlist með hljómsveitinni FM Belfast.

Dagskrá hentar best **8. – 10. bekk.**



**Höfundamiðstöð og Skáld í skólum**  
njóta stuðnings  
Menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar.

## Verð og tímalengd

Tímalengd: **ein kennslustund/ 40 mínútur.**

Tækjakostur: **Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa sem skólar verða að hafa til reiðu.**

Verð: **40.000 kr.**

Hámarksfjöldi áhorfenda er **100 nemendur á yngsta stigi en 150 nemendur á mið- og ungingastigi.**

## Tímabil og pantanir

Tímabil á haustönn:

**16. október – 15. nóvember 2019.**

Að auki er hægt að panta dagskrár á öðrum tímum að höfdu samkomulagi við hvern og einn rithöfund.

Frestur til að panta dagskrár er til  
**27. september 2019.**

Allar pantanir berist á [tinna@rsi.is](mailto:tinna@rsi.is)

Upplýsingar í **síma 568 3190**  
og á heimasíðu Höfundamiðstöðvar:  
[www.rsi.is/hofundamidstod](http://www.rsi.is/hofundamidstod)

Höfundamiðstöð RSÍ greiðir ferðir, gistingu og upphald höfunda. Skólar greiða einungis fyrir flutning á dagskrá. Til þess að ferðir nýtist sem best þurfa skólar á svæðinu að hafa samráð um pantanir. **Lágmarksfjöldi per ferð er 4 bókanir.**

Athugið að mikilvægt er að panta sem fyrst þar sem dagskrár geta verið fullbókaðar á tímabilinu.

Á hverju hausti býður **Höfundamiðstöð RSÍ** grunnskólum um land allt upp á bókmenntadagskrár undir nafninu **Skáld í skólum** þar sem höfundar heimsækja skólana til að fjalla um bókmenntir af ýmsu tagi. Dagskrárnar í Skáld í skólum eru metnaðarfullar og fræðandi, höfundar koma í heimsókn til að tala um bækur og lestur, sköpun og skrif, ævintýri sögupersóna jafnt sem skapara þeirra og síðast en ekki síst til að smita nemendur af ólæknandi lestrar- og sköpunargleði.

Í ár fara 6 skáld frá Höfundamiðstöð RSÍ í ævintýraleiðangur með nemendum og kennurum um undraheima bókmennta, þau gera tilraunir til að búa til vísindatrýlli, uppgötvu leynistaði þar sem maður getur verið maður sjálfur og þefa uppi kynngimagnaðar bækur sem geta breytt heiminum til hins betra.

Skáld í skólum er á sínu 14. starfsári og hefur fyrir löngu sannað sig sem ómissandi þáttur í kynningu nútímagóðum mennta í grunnskólum landsins, en hátt í 70 mismunandi dagskár hafa orðið til innan vébanda verkefnisins frá því það hóf fyrst göngu sína 2006.